

28. fundur Sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 10.01 2012, kl. 13.30

Allir aðalmenn sveitarstjórnar eru mættir til fundar. Dagskrárliður 2 fellur niður þar sem fulltrúar LV eru veðurtepptir í Reykjavík og boða forföll, en stefna á að koma á næsta fund sveitarstjórnar og kynna fyrirhugaðar framkvæmdir við Sauðarveitu.

Steingrímur Karlsson og Arna Bjarnadóttir eru mætt á fundinn.

Oddviti setti fund kl. 13.30 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Óbyggðasetur í Fljótsdal, Steingrímur Karlsson og Arna Bjarnadóttir**
- 2. Málefni Kárahnjúkavirkjunar, fulltrúar frá LV**
- 3. Skráning landamerkja, Skarphéðinn S. Þórhallsson**
- 4. Skýrsla oddvita**
- 5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2013-2015, síðari umræða**
- 6. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, stefna félagsþjónustu 2012**
- 7. Samband orkusveitarfélaga**
 - a) Stofnfundargerð 25.11
 - b) Samþykktir
- 8. Bréf**
 - a) Innanríkisráðuneytið/Jöfnunarsjóður dags. 21.12
 - b) Landmælingar Íslands dags 14.12
 - c) Héraðsskjalasafnið dags. 30.12
 - d) Sveitarstjórn Skagafjarðar dags. 02.12
 - e) Helgi Hallgrímsson ,des
- 9. Fjárbæiðnir**

Vignir Elfar Vignisson
- 10. Fundargerðir**
 - a) Skógarorka 22.12
 - b) HAUST 14.12
 - c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 04.01
- 11. Önnur mál**

1. Óbyggðasetur í Fljótsdal

Steingrímur og Arna kynntu hugmyndir um uppbyggingu óbyggðasafns á Egilsstöðum í Fljótsdal. Sveitarstjórn fagnar þeim hugmyndum.

Steingrímur og Arna yfirgáfu fundinn 15:15.

2. Skráning landamerkja.

Skarphéðinn Smári Þórhallsson er mættur á fund til að kynna fyrir sveitarstjórn gögn sem hann hefur unnið um landamerki jarða í sveitarfélaginu. Að stærstum hluta er búið að setja niður hnitsettar landamerkjalinur og reiknar Smári með að verkið klárast með vorinu.

3. Skýrsla oddvita

Embætti almannavarna ríkislögreglustjóra vinnur að gerð viðbragðsáætlunar fyrir mögulegt stíflurof Ufsar- og Kelduárstíflu, Kárahnjúkavirkjunar. Fulltrúar frá embættinu hittu oddvita 7. desember sl. og kynntu áætlunardrögin. Fyrri hluta vetrar er stefnt að kynningu fyrir íbúa Fljótsdalshrepps og æfingu síðar í vetur eða í vor.

Oddviti sat auka aðalfund Þróunarfélagsins á Egilsstöðum 16. desember. Þar var samþykkt að Þróunarfélagið verði hluti af nýrri stöðstofnun, en gert er ráð fyrir að hún taki til starfa í mars, en ekki um áramót eins og áður hefur verið stefnt að.

Ágæt mæting var á jólavist í Végarði og spilað á 11 borðum.

UMFÍ skorar á sveitarfélög að styðja dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf, hvetur til uppbyggingar á íþróttamannvirkjum og hvetur til markviss viðhalds og feegrunar á umhverfi þeirra.

Einnig hvetur UMFÍ sveitarfélög til að auka aðgengi almennings að aðstöðu til íþróttaiðkunar og hvetur sveitarfélög til að taka virkan þátt í herferð hreyfingarinnar gegn notkun munntóbaks í og við íþróttamannvirki.

Þá hvetur UMFÍ sveitarfélög til að bæta göngustíganet sín, fjölga bekkjum meðfram göngustígum svo allir geti nýtt stígana sem best og sjá til þess að nægur fjöldi sorpílata sé til staðar á útivistarsvæðum og meðfram göngustígum.

UMFÍ óskar eftir samningum við sveitarfélög, skóla og gistiheimili um gistingu á afsláttarkjörum fyrir ungmennafélaga.

Félag tónlistarkennara lýsir yfir miklum áhyggjum af þróun tónlistarfræðslu í landinu vegna mikils niðurskurðar í tónlistarskólum og varar við frekari niðurskurði.

Endurgreiðsla frá ríkinu til Fljótsdalshrepps á árinu 2011 vegna minkaveiða er kr. 3.000,-. Ríkið tekur ekki lengur þátt í kostnaði við refaveiðar.

Þjóðskrá hefur gefið út skýrslu um fasteignamat 2012 og sent sveitarfélögum.

4. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2013-2015, síðari umræða

Þriggja ára áætlunin yfirfarin og samþykkt samhljóða. Áætlun gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

5. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, stefna félagsþjónustu 2012

Stefna Félagsþjónustunnar samþykkt af hálfu Fljótsdalshrepps, en fyrirvari gerður um að áhrif stefnunnar á fjárhag sveitarfélagsins verði að rúmast innan fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

6. Samband orkusveitarfélaga

- a. Stofnfundargerð 25.11. Stofnfundargerð kynnt. Árgjald sveitarfélaga með íbúa undir 5000 er kr. 100.000,-. Þar sem ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárhagsáætlun ársins er samþykkt að árgjald greiðist af óráðstöfuðu eigin fé.
- b. Samþykktir sambandsins kynntar.

7. Bréf

- a. Innanríkisráðuneytið/Jöfnunarsjóður dags. 21.12. Kynnt. Breytt reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga kemur niður á Fljótsdalshreppi með þeim hætti að framlög úr sjóðnum til Fljótsdalshrepps falla niður frá og með árinu 2013, verði ekki verulegar breytingar á íbúafjölda eða heildarskatttekjum sveitarfélagsins.
- b. Landmælingar Íslands dags 14.12. Kynnt
- c. Héraðsskjalasafnið dags. 30.12. Kynnt, varðar endurgreiðslu hluta framlags 2011.
- d. Sveitarstjórn Skagafjarðar dags. 02.12. Kynnt.
- e. Helgi Hallgrímsson ,des. Kynnt.

8. Fjárbeiðnir

- a. Vignir Elfar Vignisson. Sækir um styrk til frumgerðarsmíði á girðingarstauravél. Sveitarstjórn ætlar að skoða málið betur og taka afstöðu síðar.

Oddviti lagði til að tekin yrði á dagskrá síðbúin styrkumsókn frá Ingimari Jóhannssyni. Það var samþykkt. Þorvarður vék af fundi vegna tengsla við umsækjanda.

- b. Ingimar Jóhansson. Sækir um styrk vegna ferðar til Costa Rica. Þar hyggst hann sinna sjálfboðaliðastarfi á vegum AUS. Samþykktur styrkur að upphæð 50.000 kr.

Þorvarður kom aftur til fundar

9. Fundargerðir

- a. Skógarorka 22.12. Kynnt.
- b. HAUST 14.12. Kynnt.
- c. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 04.01. Kynnt.

10. Önnur mál

- a. Þjóðskrá er að skrá manntal og óskar eftir aðstoð sveitarfélaga.
- b. Rætt um skipan nýs prestakalls sem Valbjófsstaður er hluti af og umræðu er varð í fjölmiðlum fyrir í vetur, um búsetu presta í prestakallinu. Samþykkt eftirfarandi bókun:

Að gefnu tilefni vegna umræðu um sameiningu prestakalla á Austurlandi og búsetu presta leggur Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps áherslu á að áfram sitji prestur á Valbjófsstað. Samgöngur í Fljótsdal eru góðar og engin ástæða til annars en að prestar búi áfram í dreifðri búsetu um prestakallið til að betur megi þjónusta kirkjur og sóknarbörn í öllu prestakallinu.

- c. Anna Jóna benti á að mjög æskilegt væri að setja upp handrið við tröppu upp að Végarði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 19:04.

Lárus ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)